

Svör fræðsluráðs við fyrirspurnum foreldraráðs leikskóla Hafnarfjarðar um leikskólarými haustið 2013 og 2014

Í bréfi dagsettu 23. apríl 2013 lagði formaður Foreldraráðs leikskóla Hafnarfjarðar fram fyrirspurn í fimm liðum um leikskólarými haustið 2013-2014.

1. Hver er staðan á leikskólarýmum í Hafnarfirði fyrir börn fædd árið 2011.

Svar: Nú þegar hefur hafa öll börn á biðlista fædd 2011 fengið tilboð um leikskólavist.

2. Hvaða hverfi eru í brýnustu þörf fyrir fleiri leikskólarými fyrir börn fædd árið 2011?

Svar: Vellir og miðbær. 50 börnum af biðlistum Hamravalla og Hraunvalla leikskóla var boðið pláss í leikskólum í öðrum hverfum, 18 börnum af Hörðuvallalista og 5 af Arnarbergsglista. Horft var til þess að innrita börn foreldra sem eiga tvö eða fleiri börn á leikskólaaldri í sama leikskólann.

3. Hvaða hverfi anna eftirspurnum eftir rýmum fyrir börn fædd árið 2011?

Svar: Ásland, Setberg, Holtið, Norður- og Suðurbær.

4. Hversu löngu fyrir innritun fá foreldrar upplýsingar um hvenær börnin eiga að hefja aðlögun í leikskóla.

Svar: Að jafnaði fá foreldrar tilkynningar með mánaðar fyrirvara um leikskólavistun og oftast með lengri fyrirvara. Í reglum bæjarins er gert ráð fyrir gagnkvæmum mánaðar-uppsagnarfresti sem miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar og á það bæði við um flutninga milli leikskóla sem og uppsagnir hjá dagforeldrum.

5. Hvernig er útlitið fyrir leikskólapláss árið 2014, fyrir börn fædd 2012 og eru einhver hverfi sem munu jafnvel ekki anna eftirspurn eftir leikskólarýmum?

Svar: Útlitið fyrir leikskólapláss fyrir árið 2014 er nokkuð gott og má gera ráð fyrir að núverandi leikskólarými anni þörfinni ef barnafólki fjölgar ekki í bænum. Hinsvegar liggur það nú þegar fyrir að leikskólarnir á Völlunum og í miðbænum anna ekki eftirspurn eftir leikskólarýmum og þurfa foreldra þeirra barna að öllum líkindum að þiggja leikskólavist í öðrum hverfum eins og síðustu ár.

Tekið saman 6. maí 2013

Sigurborg Kristjánsdóttir, próunarfulltrúi